

Viðburðir á Höfn

HÁSKÓLASETRIÐ HORNAFIRÐI

Viðburðir á Hornafirði

Skýrsla unnin fyrir Starfshóp vegna hátíða
og stærri menningarviðburða á Hornafirði

Ágúst Elvarsson

Febrúar 2012

Inngangur

Í þessari skýrslu eru stærri menningarviðburðir á Hornafirði skoðaðir. Þeir viðburðir sem eru skoðaðir sérstaklega eru; Humarhátíð, Haustdagskrá skemmtifélagsins og blúshátíð. Auk þessara viðburða eru ráðstefnur, þorrablót, Íformi Öldungamót og Unglingalandsmót UMFÍ skoðuð. Viðburðirnir eru skoðaðir eins nákvæmlega og fyrirmæli starfshópsins segja fyrir um.

Skýrslan er samantekt á fyrrnefndum viðburðum. Höfundur kemur ekki með eigin niðurstöður eða álit í lok skýrslunnar enda er það hlutverk þeirra sem sitja í starfshóp þeim sem skýrslan er unnin fyrir. Það er von höfundar að skýrslan komi starfshópnum að góðu gagni við störf sín.

Við Rannsóknarvinnuna voru tekin viðtöl við þá aðila sem hafa staðið fyrir eða komið á einhvern hátt að skipulagi viðburðanna. Upplýsingaöflun fór einnig fram í gegnum vef sveitarfélagsins www.hornafjordur.is og héraðsfréttablaðið Eystrahorn. Viðtölin eru endursögð með orðum höfundar auk þess sem ýmist annað efni sem við kemur þeirri hátíð sem fjallað er um er fléttað inn á viðeigandi stöðum.

Í lok skýrslunnar koma svo viðtöl við flesta þá aðila sem taldir eru miklir hagsmunaaðilar af stærri menningarviðburðum í Sveitarfélaginu. Þessir aðilar eru Veitingastaðir, sjoppur og verslun Nettó á Höfn. Einungis voru teknir fyrir þeir veitingastaðir sem hafa verið í rekstri á þeim hátíðum sem fjallað er um. Forsvarsmenn nýs veitingastaðs sem kemur til með að vera í Pakkhúsinu voru ekki spurðir áhlits þar sem þeir hafa ekki verið í rekstri áður.

Það eru tveir viðaukar við skýrsluna sem innihalda lista yfir alla þá viðburði sem voru á Höfn árið 2011. Reynt var að taka alla viðburði sem höfundur komst yfir og voru skráðir niður allir viðburðir sem voru auglýstir í Eystrahorni 2011 og í viðburðardagatali á vefsíðu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Höfundur talaði einnig við nokkra aðila til að fá lista yfir viðburði.

Inngangur	1
Stærri menningarviðburðir á Hornafirði	3
Humarhátíð	3
Dagskrá	3
Afkoma	4
Markaðssetning	5
Fjöldi gesta	5
Tímasetning Humarhátíðar	6
Haustdagsskrá skemmtifélagsins	7
Afkoma	7
Markaðssetning	7
Fjöldi sýninga og sýningargesta	8
Blúshátíð	9
Afkoma	9
Aðrir viðburðir	11
Þorablót	11
Ráðstefnur	11
Íformi öldungamót	13
Unglingalandsmót UMFÍ	13
Viðhorf Veitingamanna	15
Hótel Höfn	15
Kaffihornið	18
Víkin	21
Humarhöfnin	24
Nettó	27
Hafnarbúðin	29
Trölli	31
N1 Vesturbraut	33
OLÍS	35
Viðaukar	37
Viðauki A: Viðburðir á Höfn 2011	37
Viðauki B: Trúarsamkomur	57
Viðauki C: Dagskrá Humarhátíðar	64

Stærri menningarviðburðir á Hornafirði

Humarhátíð

Viðmælandi: Valdemar Einarsson


Dagskrá

Dagsrá Humarhátíðar hefur verið misjöfn milli ára, yfirleitt hefur hún þó verið nokkuð metnaðarfull og voru t.d. 61 viðburðir á hátíðinni 2011.

Það virðist þó skjóta nokkuð skökku við að kalla hátíðina „Humarhátíð“ þar sem viðburðir tengdir humri eru nánast ósjáanlegir á hátíðinni. Af 61 viðburði sem voru 2011 eru einungis þrír viðburðir auglýstir í dagskrá hátíðarinnar sem skýrsluhöfundur flokkar sem matarviðburði það eru opnun Hleinarinnar, Þjóðakvöld Kvinnakórsins og þegar Sauðfjábændur í sýslunni grilla lambakjöt. Þjóðakvöld Kvinnakórsins er eini viðburðurinn sem fellur í tvo flokka „Sýning / menning“ og „matur“

Í raun kemur orðið „humar“ aldrei fyrir í dagskrá hátíðarinnar öðruvísi en sem tilvísun í hátíðina sjálfa eða í svokölluðum humargöngum ferðafélagsins.

Fjöldi viðburða	60
Tónleikar	11
Sýning / menning	10
leikir / keppni	10
barnadagskrá	13
annað	6
matur	3
markaður / verslun	2
Útivist	4
Uppistand	2



Eins og sést í kökuritinu á síðunni hér á undan virðist skiptingin vera nokkuð góð. Það eru helst matartengdir viðburðir sem virðast vera of lítill hluti af kökunni. Það eru Veitingastaðir á Höfn sem selja að sjálfsgöðu humar en það er hvergi minnst á það í dagskránni.

Tveir viðburðir sem e.t.v. má flokka sem matartengda viðburði voru flokkaðir undir barnadagskrá en það er þegar Landsbankinn og Húsasmiðjan grilla pylsur ofan í gesti og gangandi. Nánari útlitun á því hvernig viðburðirnir voru flokkaðir má sjá í viðauka C

Afkoma

- Miklar sveiflur í tekjum af hátíðinni
- Allt frá 0 – 3.000.000. kr
- Hefur ekki verið tap af hátíðinni

	2008	2009	2010	2011
Fjöldi gesta	1500	1500	1200	600
Áætl.heildar velta	5.300.000 kr.	6.774.000 kr.	6.430.000 kr.	5.800.000 kr.
Tekjur	3.285.000 kr.	4.941.000 kr.	4.580.000 kr.	3.800.000 kr.
styrkir	1.615.000 kr.	1.800.000 kr.	1.840.000 kr.	2.000.000 kr.
Hagn/tap	500.000 kr.	1.300.000 kr.	1.300.000 kr.	400.000 kr.
fjöldi viðburða	51	40	69	60
aðkeyptir viðburðir	5	6	8	9
Fjöldi daga	5	4	5	5
fjöldi starfsmanna	65	65	65	65
Unnar stundir	950	950	950	950

Þrátt fyrir að það hafi ekki verið tap af hátíðinni væri hægt að tala um tap á einhverjum hátíðum ef ekki væri fyrir styrk frá Sveitarfélaginu. Styrkir frá Sveitarfélaginu hafa verið að meðaltali 1.800.000.- síðastliðin 4 ár.

Aðföng hafa hækkað mikið síðastliðin ár. Humarhátíð er nánast eini vettvangur ársins þar sem grundvöllur er fyrir stóru balli með þektri hljómsveit. Hljómsveitir hafa hækkað mikið á meðan aðgangseyrir inn á ballið í Íþróttahúsinu hefur haldist nánast óbreyttur. Það er ekki hægt að rukka 4.000.- krónur inn á ballið. Það er algjörlega óraunhæft og ólíklegt að fólk sé reiðubúið að greiða svo mikið. Stóra ballið á Laugardeginum er þó mjög vel sótt. Það er lítið ball ef 400 miðar eru seldir. Mest hefur það verið um 800 manns. Þrátt fyrir að íþróttahúsið taki ekki nema um 500 manns er þetta í lagi þar sem það er ekki nema 60-70 % gesta inni í einu.

Humarhátíð er að miklu leiti byggð upp á Hornfirskum listamönnum og mætti e.t.v. gera enn betur hvað þetta varðar. En eins og áður segir er Humarhátíð eitt af fáum tækifærum til að bjóða Hornfirðingum og gestum þeirra upp á stóra þekta hljómsveit án þess að koma út í tapi. Stór hljómsveit er þó dýr og hefur yfirleitt verið miðað við að hljóðkerfi + hljómsveit kosti um eina milljón. Ballgestir eru þó það margir að þetta hefur yfirleitt borgað sig. Eitt fjölmennasta ballið var þó með hljómsveitinni Parket en þá voru yfir 700 manns á balli. Miðaverðið var þó lækkað á móti því hversu ódýr hljómsveitin var.

Á fimmtudagskvöldinu á Humarhátíð 2011 voru tónleikar í Íþróttahúsinu með hljómsveitinni Valdimar. Það var almenn ánægja með þessa tónleika og það væri mjög gaman að geta boðið upp á fleiri tónleika með þekktum böndum í bland við Hornfirski listamenn.

Markaðssetning

- Hefur ekki verið auglýst nóg undanfarin ár
- Hátíðir þegar útvarpstöðvar hafa komið að markaðssetningu hafa komið vel út

Ein stærsta hátíðin var árið 2003. Margir telja að þá hafi verið um svokallaða „SMS hátíð“ að ræða þar sem unglingar senda skilaboð sín á milli um hvar verður „djammað“ um helgina. Valdemar telur þó að það hafi ekki verið aðal ástæðan fyrir fjöldanum sem sótti Hornafjörð heim á Humarhátíð 2003, fjöldinn var mestmegnis kominn vegna auglýsinga frá útvarpstöðinni fm957. Útvarpstöðin setti sig í samband við Humarhátíðarnefnd og óskaði eftir því að fá að vera með eitt atriði í dagskránni sem var einhverskonar „fear factor“ atriði. Grænt ljós var gefið á það hjá Humarhátíðarnefnd og 2 - 3 vikum fyrir Humarhátíð var hún auglýst ókeypis á fm957 nær daglega. Hátíðin var þó einnig haldin samhliða fjórðungsmóti hestamanna að þessu sinni og töluverður fjöldi sem fylgdi henni.

Að vera í samstarfi við útvarpstöðvar er ódýr og góð auglýsing. Þær hátíðir sem Bylgjulestin hefur komið að hafa t.a.m. verið stórar á mælikvarða Humarhátíðar. Þessar hátíðir hafa verið gagnrýndar fyrir það að Bylgjan ráði of miklu um dagskrá hátíðarinnar. Það þarf ekki að vera svo og vel hægt að gera þetta í samstarfi við útvarpsstöð eins og Bylgjuna án þess að dagskráin komi beint frá þeim. Það yrði þá gert þannig að þeir komi að hátíðinni með því að vera á staðnum og flytja fréttir frá því hvað er að gerast á henni, taka viðtal við þá sem standa að hátíðinni o.s.frv. Báðar aðferðirnar hafa verið reyndar á Humarhátíð og nokkuð ljóst að það er gott að útvarpstöð á borð við Bylgjuna komi að hátíðinni en eins og áður segir er betra að heimamenn fái að stjórna dagskrá hátíðarinnar. Bylgjan er líka fjölskyldu útvarpsstöð og því ætti hún að ná til þess markaðshóps sem er talinn „æskilegur“ á Humarhátíð.

Það er virðingavert að skoða hvaða helgi gæti hentað Bylgjunni þegar velja á hvenær Humarhátíð á að vera. Með svona samstarfi er hægt að fá markaðssetningu að andvirði 1, 5 milljón króna mjög ódýrt. Undanfarin ár hefur meðal auglýsingakostnaður þegar allt er tekið saman verið u.þ.b. ein milljón króna.

Fjöldi gesta

- Miklar sveiflur í fjölda gesta
- Hátíðin keppir við fjórðungsmót Hestamanna

Fjöldi gesta á Humarhátíð hefur yfirleitt verið áætlaður mjög lauslega út frá fjölda á tjaldstæði auk áætlunar hjá Björgunarfélagi Hornafjarðar

Í fjöldatölum í töflunni á síðunni hér á undan er einungis verið að tala um gesti og eru heimamenn því ekki inn í tölunni. Því er hægt að áætla að það megi nánast tvöfalda tölurnar séu heimamenn teknir með í myndina.

Að meðaltali hafa komið 1.200 gestir á Humarhátíð síðastliðin 4 ár. Hátíðin 2011 sker sig úr hvað varðar fjölda en þá komu einungis 600 gestir á hátíðina. Fjölmennustu hátíðirnar voru

1997 á hundrað ára afmæli Hafnar og 2003. Þessar tvær hátíðir skiluðu líka hvað mestum hagnaði. 2003 var áætlað að um 4.000 gestir væru á hátíðinni en hún haldin samhliða fjórðungsmóti hestamanna í það skiptið.

Undanfarin ár hefur hátíðin verið haldin í samkeppni við fjórðungsmót hestamanna og því má áætla að töluverður fjöldi heimamanna fari heldur á fjórðungsmótið heldur en Húmarhátíð. Einnig eru fleiri viðburðir á þessum tíma sem draga Hornfirðinga frá Húmarhátíð t.d. má nefna stórt pollamót á Akureyri sem nokkur fjöldi fer á.

Tímasetning Húmarhátíðar

- Tímasetningunni þarf að breyta
- Samkeppni við aðrar hátíðir fyrstu helgina í Júlí
- Tölfræðilega miklar líkur á rigningu fyrstu helgina í Júlí

Tímasetning Húmarhátíðar var upprunalega ætluð til að laða að ferðamenn að bænum á tíma þegar það vantaði ferðamenn. Nú vantar ekki ferðamenn í bæinn á þessum tíma heldur þvert á móti finnst mörgum hreinlega vera of mikið af þeim. Í byrjun Júlí fjölga ferðamönnum mikið og því er dagsetning Húmarhátíðar eitthvað sem ætti að endurskoða. Það er mikið um aðrar hátíðir á landinu á þessum tíma. Sú staðreynd að fjórðungsmót hestamanna er sömu helgi ætti strax að vera ástæða til að endurskoða dagsetninguna.

Samkvæmt gögnum frá veðurstöðinni á Hólum í Nesjum er fyrsta vikan í Júlí nær ólíklegust til að vera þurr miðað við gögn þau sem safnað hefur verið síðastliðin 80 ár. Í skýrslu um athugun á úrkomu í Hornafirði í tengslum við árlega Húmarhátíð unnin af Einari Sveinbirnissyni veðurfræðing segir:

Mælingar á úrkomu í heil 80 ár án nokkurra hléa gefa kost á ýmsum greiningum sem ekki er unnt að gera þar sem athuganir ná yfir skemmri tíma.

Ekki er auðvelt að skýra veðurfræðilega hvers vegna greinilega sé úrkomusamara á mælikvarða fjölda

úrkomudaga fyrstu vikuna í júlí en bæði á undan og á eftir. Tilviljun er fremur ólíkleg þegar borin eru saman þetta mörg ár. Greining á 7 daga meðaltölum frá því um 20 júní og út júlí, sýnir að fjöldi úrkomudaga eru marktækt tölfræðilega fleiri dagana 2. til 8. júlí. Á hinn bóginn eru þeir marktækt færri 20. til 29. júní og aftur 20. til 22. júlí. Sama greining á fjölda þurra eða nær þurra daga leiðir svipað í ljós en með öfugum formerkjum.

Þó úrkomulíkur séu áberandi minni um 20 júlí heldur en í byrjun mánaðarins er munurinn þó ekki svo mikill. Á 10 árum má þannig búast við rigningarsömum laugardegi á Húmarhátíð í byrjun júlí í rúmlega 1 skipti (12-13 % líkur), en tæplega einu sinni (8-9% líkur) nærri 20. júlí. Dreifing rigningardaganna er þegar öllu er á botninn hvolft nokkuð jöfn frá því um miðjan júní og fram í ágúst, en 80 ára mælingar sýna engu að síður lítilsháttar en samt sem áður marktækan breytileika. Veðurfræðilegar skýringar hans eru hins vegar ekki augljósar svona við fyrstu sýn á meðan auðvelt er að skýra litla úrkomu framan af sumri og eins ástæður þess að rigningardögum fari fjölgandi eftir 5. ágúst.

Miðað við þessar niðurstöður hjá Einari er fyrsta helgin í júlí slæm dagsetning fyrir hátíðina.

Haustdagsskrá skemmtifélagsins

Viðmælendur: Sandra Björg Stefánsdóttir
Ingólfur Baldvinsson
Heiðar Sigurðsson

Afkoma

- Afkoma hefur verið nokkuð góð undanfarin ár
- Hagnaður 2008, 2009 og 2011
- Tap 2010

	2008	2009	2010	2011
Fjöldi gesta	544	517	663	671
Áætl.heildar velta	2.848.277 kr.	2.374.932 kr.	3.299.006 kr.	3.399.000 kr.
Tekjur	1.661.787 kr.	1.203.619 kr.	1.616.363 kr.	1.805.866 kr.
styrkir	50.000 kr.	-	-	-
Hagn/tap	475.297 kr.	32.306 kr.	- 66.280 kr.	212.732 kr.
fjöldi viðburða	7	6	7	8
aðkeyptir viðburðir	0	0	0	0
Fjöldi daga	7	6	7	8
fjöldi starfsmanna	21	21	21	22
Unnar stundir	2000	2000	2000	2000

Þrátt fyrir að hagnaður hafi ekki verið mjög mikill hafa sýningar Skemmtifélagsins staðið vel undir sér. Þær hafa gengið mjög vel. Oft þegar hlutir ganga vel hættir fólki til að sjá ekki þörf fyrir breytingar. Þetta er eitthvað sem verður að passa að gerist ekki fyrir Haustdagsskrá Skemmtifélagsins

Tapið sem varð 2010 er tilkomið vegna þess að Lokahóf Skemmtifélagsins var dýrara en lokahófin höfðu verið hin árin. Það ár var farið í helgarferð á Djúpavog og gist á Hótel Framtíð, öll hin árin var farið í helgarferð á Hótel Smyrlabjörg.

Markmið Skemmtifélagsins er ekki að safna upp sjóði, heldur er ágóðinn notaður til að styrkja stöðu félagsins. Félagið býr nokkuð vel að tækjum og búnaði en eitthvað af búnaðinum þarf að endurnýja á næstu misserum.

Ágóði er líka notaður til að halda lokahóf að sýningum loknum og með því verðlauna þáttakendur.

Markaðssetning

- Litlum fjármunum varið í auglýsingar
- Ekki þörf á fleiri sýningargestum
- Hefur spurst út

Sýninguna hefur lítið þurft að auglýsa. Nánast einu auglýsingarnar hafa verið í Eystrahorni og Dagskránni sem gefin er út á öllu Austurlandi.

Sýningin virðist vera nokkuð vel þekkt á Austurlandi og hefur fjöldi fólks komið þaðan að sjá sýningarnar.

Fjöldi sýninga og sýningargesta

- Yfirleitt lagt upp með 5 sýningar
- 2 skólasýningar
- Ekki hægt að bæta við mörgum sýningum
- Um 600 gestir að meðaltali síðastliðin 4 ár

Í ár var nánast uppselt á fyrstu 5 sýningarnar mjög fljótlega. Því var bætt við einni auka sýningu sem ekki náðist að fylla.

Þær átta sýningar sem voru haustið 2011 fóru nálægt þeim þolmörkum sem þáttakendur í sýningunum hafa. Tími sem fer í æfingar er áætlaður um 3 tímar á dag í 3-4 vikur og því allt að 90 klukkustunda vinna fyrir hvern þáttakanda. Þetta getur reynt á bæði þá sem taka þátt og eins aðstandendur.

Skipuleggjendur vinna mun fleiri stundir að sýningunni. Skipulagning hefur undanfarin ár verið að mestu á höndum einnar manneskju og þarf viðkomandi manneskja að leggja mikið á vogarskálarnar. Heildar fjöldi vinnustunda allra sem koma að sýningunni í sjálfboðastarfi er áætlaður um 2000 klst.

Á Hótel Höfn er pláss fyrir U.þ.b. 100 gesti á hverja sýningu og því ætti tæknilega séð að vera hægt að ná 800 gestum á þeim 8 sýningum sem voru 2011. Metfjöldi var síðastliðið haust og voru allar almennar sýningar fullar. Einni sýningu var bætt við og var þar ekki nema hálffullur salur. Skólasýningarnar tvær telja yfirleitt færri einstaklinga.

Með núverandi fyrirkomulagi er ekki mikið rúm fyrir aukinn fjölda gesta. Meðan sýningin er ekki auglýst víðar er þó sjálfsagt ekki mikil hætta á því að eftirspurn fari fram úr framboði.

Fyrirkomulagið er gott eins og það er en eins og áður segir borgar sig að vera á tánum og passa það að festast ekki í ákveðnu fari af gömlum vana.

Blúshátíð

Afkoma

	2008	2009	2010	2011
Fjöldi gesta	300-400	300-400	200-300	100-200
Áætl.heildar velta	3.923.684 kr.	710.044 kr.	1.417.493 kr.	135.277 kr.
Tekjur	984.244 kr.	16.000 kr.	146.598 kr.	60.000 kr.
styrkir	800.000 kr.	350.000 kr.	561.644 kr.	100.000 kr.
Hagn/tap	- 355.196 kr.	21.956 kr.	- 1.009 kr.	64.723 kr.
fjöldi viðburða	14	13	16	11
aðkeyptir viðburðir	5			
Fjöldi daga	3	4	4	3
fjöldi starfsmanna	10	10	5	2
Unnar stundir	300	250	180	90

- Yfirleitt tap af hátíðinni
- Mikið tap 2008
- Erfitt að keppa við aðrar hátíðir
- Umhverfi styrkveitinga hefur breyst

Blúshátíð hefur verið „vandráðabarn“ Skemmtifélagsins frá upphafi, Hátíðin var fyrst haldin 2006. Og ákveðið hefur verið að Skemmtifélagið haldi ekki slíka hátíð 2012.

Í fyrstu var lagður mikill metnaður í dagskrána og var markmiðið að gera flotta Blúshátíð með það metnaðarfulla dagskrá að eftir yrði tekið. Það átti að flytja inn erlenda tónlistarmenn og var Heiðar kominn langt með að ná Tommy Emmanuel til Hornafjarðar, en Tommy hélt stóra tónleika í Háskólabíói í Janúar 2012. Auk þess að flytja inn erlenda tónlistarmenn var markmiðið að bjóða einnig upp á það besta sem fyrirfyndist í íslensku blústónlistarlífi. Hátíðinni var ætlað að dreifast um allan bæ og jafnvel víðar um sveitarfélagið seinna meir. Dagskráin og öll umgjörð hátíðarinnar á að vera þannig að hún laði til sín fólk allstaðar af landinu og smá saman fullt af erlendum gestum. „Taka allt það besta sem Hornafjörður hefur uppá að bjóða í umhverfi, mat, ferðapjónustu bæta við það flottri og metnaðarfullri tónlistardagskrá og búa þannig til kokteil sem laðar að sér tónlistar- og listaunnendur allstaðar að úr heiminum“. Svona hátíð eins og er lýst hér á undan á ekki að vera ókeypiss heldur þvert á móti má hún vera frekar dýr. Fólk er tilbúið til að borga fyrir gæði og góða upplifun.

Fyrstu árin fengu listamenn sem spiluðu greitt fyrir að spila á hátíðinni. Hátíðin 2008 er sennilega sú síðasta sem þetta fyrirkomulag var við lýði.

Erlendir listamenn sem spiluðu á fyrstu hátíðunum voru frekar ódýrir, þeir fengu þó einhverja greiðslu fyrir að koma fram auk þess sem ferðakostnaður, gisting og upphald var greitt. Flestir listamenn fengu þó ekki háar upphæðir. Í þessu ljósi má nefna að

heildarkostnaður við komu sænska blúsbandsins Emil & the Ecstatics þ.e.a.s. ferðakostnaður, laun, gisting og uppihald var minni en launin sem Blúskompaníð (Maggi Eiríks og Pálmi Gunnars) tóku fyrir að koma fram á hátíðinni. Þannig að fá mjög hæfileikaríka erlenda listamenn til að koma fram á hátíðinni var ekki stærsti kostnaðarliðurinn.

Það hefur oft verið tap af Blúshátíðinni og þegar Hornafjörður var fluttur af Austurlandi á Suðurland hvað varðar styrki frá Menningarráði voru góð ráð dýr. Það átti ekki að halda hátíðina 2011 að miklu leiti vegna þessa. Hátíðin var þó haldin í mikið einfölduðu sniði og skilaði sjaldséðum hagnaði árið 2011.

Hátíðinni 2011 var þó hent upp á mjög skömmum tíma og dagskráin því eftir því. Dagskráin á þeirri hátíð á ekkert skilt með þeim metnaði sem var lagt upp með í sambandi við það sem upphafsmenn hátíðarinnar vildu gera með Norðurljósablús

Það er ekki vilji fyrir því hjá Skemmtifélaginu að koma að hátíðinni í því umhverfi sem henni hefur verið búið síðastliðin ár. Með þessu er aðalega átt við að það hefur yfirleitt verið óvissa um hvernig hátíðin er fjármögnuð fram á síðustu stundu.

Það hefur ekki verið mjög erfitt að fá tónlistarmenn til að koma fram á hátíðinni og komnar nokkrir fastir liðir á hátíðina. Þessu til stuðnings má nefna að í ár hafa 4 tónlistarmenn haft samband við Skemmtifélagið að fyrra bragði og óskað eftir því að fá að koma fram á blúshátíðinni sem fer því miður ekki fram að þessu sinni.

Eins og áður segir hefur fyrirkomulag hátíðarinnar síðastliðin ár verið þannig að listamenn sem koma fram á hátíðinni gera það frítt en fá í staðinn borgaðan kostnað við ferðalög til og frá Höfn auk þess sem þeir fá gistingu á Hótel Höfn og mat á Kaffihorninu og Víkinni.

Árið 2010 voru styrkir í formi gistingar og matar til listamanna verðlagðir á 450 þúsund krónur.

Sveitarfélagið hefur oft þurft að koma með „björgunarstyrk“ eftir hátíðina til að Skemmtifélagið tapi ekki miklum fjármunum.

Til þess að Blúshátíðin geti haldið áfram í einhverri mynd þurfa fjármálin að vera á hreinu. Það er ekki nóg að fá á hreint einhvern styrk fyrir hátíðina í janúar. Þetta þarf að vera á hreinu töluvert fyrir hátíðina til þess að það sé hægt að standa vel að undirbúningi hennar.

Aðrir viðburðir

Þorablót

Í Sveitarfélaginu eru ýmsir aðrir fjölsóttir menningarviðburðir og má þar nefna Þorablót Hafnarbúa, Þorablót Nesjamanna, Þorablót Suðursveitunga og Mýramanna og Góuhóf í Örafum.

Þorablótin eru fjölsótt og yfirleitt fullt útúr dyrum á þau öll. Þorablótin eru þó þannig viðburður að erfitt er að fjalla um þau eftir þeim viðmiðunum sem sett voru af starfshópnum sem þessi skýrsla er unnin fyrir.

Þorablóts mál virðast líka vera í nokkuð góðum farvegi og er það fyrirkomulag sem er við lýði þar nokkuð gott. Þar er fólk kosið í nefnd sem hefur það verkefni að skemmta en auk þess gera það innan þess ramma sem fjármunir nefndarinnar afmarka. Fjármögnunin fer fram með sölu á aðgöngumiðum.

Góuhóf er hægt að fella í sama flokk og þorablótinu þar sem það er á svipuðum forsendum og blótin þrjú. Annað sem má nefna sem er gert með svipuðu móti er dagskrá í kringum sjómannadag

Að mati skýrsluhöfundar er ekki tilefni til kryfja þessar skemmtanir til mergjar né fara yfir reikninga nefndanna sérstaklega.

Ráðstefnur

Viðmælendur: Haukur Sveinbjörnsson, Umdæmisþing Kiwanis
Grétar Már Þorkelsson, Ráðstefna NØK
Ingibjörg Ævarr Steinsdóttir, landsmót Kvinnakóra

Undanfarin ár hafa verið nokkrar ráðstefnur á Hornafirði. Ein sú stærsta alþjóðlega ráðstefnan er sjálfsagt **EFTA ráðstefnan** sem haldin var 2006 en þar tóku um 150 manns þátt í fundinum. Hér verður stiklað á stóru í sambandi við ráðstefnur sem haldnar hafa verið á Höfn undanfarin misseri. Reynt er að gefa góða mynd af hvað ráðstefnur þýða fyrir samfélagið á Hornafirði.

Ráðstefnur geta skilað miklu fyrir Sveitarfélagið og samfélagið í heild. Allir gestir sem koma á ráðstefnur þurfa gistingu og uppihald. Það eru einnig margir aðrir aðilar sem njóta góðs af ráðstefnum. Á fyrrnefndri EFTA ráðstefnu fóru fundargestir t.a.m. í ferð upp á Skálafellsjökul þar sem sumir fóru á snjósleða. Þannig að afþreyingaraðilar geta einnig haft eitthvað upp úr krafsinu.

Í apríl 2008 var **landsmót kvinnakóra** haldið á Hornafirði. Á landsmótinu voru samankomnar um 400 kvinnakórs konur. Landsmót af þessari stærðargráðu hefur mikið að segja fyrir „Hornfirska hagkerfið“. Þessu til stuðnings má nefna að allt gistirými frá Höfn að Hótel Vatnajökli var lagt undir kvinnakórskonurnar.

Mótið var haldið í jaðri ferðamannatímans og því virkilega gott fyrir hótél og gistiheimili að geta fyllt gistirými sitt á tíma sem framboð er mun meira en eftirspurn.

Kvennakórsmótið var líka notað til að kynna sveitarfélagið. Þessa helgi var frítt í sund og hægt var að skoða söfn bæjarins án þess að þurfa greiða nokkuð fyrir. Menningarmiðstöðin setti upp atvinnu / menningarsýningu í Nýheimum. Mótið var því mikil lyftistöng fyrir samfélagið bæði til að kynna Sveitarfélagið fyrir gestum landsmótsins en ekki síður fyrir heimamenn þar sem mikið var að gerast í kringum mótið.

Að sögn Ingibjargar var mjög gaman að mæta á fyrsta fund hjá Landsambandi Kvennakóra eftir mótið. Margar höfðu aldrei komið á Höfn áður og dásömuðu bæinn og mótið sjálft sem þótti takast með eindæmum vel.

Umdæmisþing Kiwanis var haldið á Höfn 21 – 23 september 2011. Á þingið mættu 360 manns. Nær allt gistirými á Höfn var lagt undir þingið. Hótelið og Ásgarður var fullt af Kiwanis fólki auk þess sem Hvammur hafði einungis um 5 herbergi laus sem ekki voru lögð undir þinggesti.

Þingnefndin sem var skipuð 4 meðlimum úr Kiwanisklúbbnum ÓS lagði mikið upp úr því að gera þingið sem eftirminnegast fyrir þinggesti. Auk þess var reynt að kynna sveitarfélagið. Það var t.d. farið í svokallaða makaferð en þá far farið í kynningaferð í Skinney Þinganes, útsýnisferð um Höfn og svo var ferðinni lokið með því að fara út á Horn þar sem fólkið fékk sérmerktan Kiwanis bjór sem skartaði mynd af Horninu.

Þingið hefur líka verið gott fyrir „Hornfirska hagkerfið“ þar sem þar var nær eingöngu verslað í heimabyggð. Kiwanis menn sáu sjálfir um hádegismat á laugardeginum og kaffiveitingar þar sem allt bakkelsi var keypt hjá Jóni Bakara. 280 manns keyptu miða á gala kvöldverð sem Víkin sá um og Hornfirska hljómsveitin Parket spilaði á balli um kvöldið. Á umdæmisþinginu var því allt sem mögulega hægt var að kaupa í heimabyggð keypt þar.

Veitingastaðir á Höfn nutu einnig góðs af þinginu og þar sem flestir fundargestir komu á föstudegi og fóru á sunnudegi voru veitingastaðir nánast fullir á föstudagskvöldinu Kaffihornið, Víkin og efri salurinn á Hótel Höfn voru full af matargestum auk þess sem Humarhöfnin var sérstaklega opnuð fyrir um 70 matargesti.

Kiwanishreyfingin styrkti einnig Hafnarskóla um heyrnamælingartæki að upphæð 1,5 milljónar króna.

Glögglega má sjá að þing sem þetta er mjög gott fyrir samfélagið. Það er góð lyftistöng fyrir þá sem selja vörur og þjónustu á Höfn auk þess að vera góð kynning fyrir sveitarfélagið.

Gestirnir voru almennt mjög ánægðir með umdæmisþingið og var sérstök ánægja með að allir gestir gætu gist inn í bænum þar sem allt var í göngufæri. Þegar þing sem þetta hafa verið annarstaðar hefur þurft að dreifa fólki mun meira. Í þessu tilviki var það lengsta sem fólk þurfti að ganga frá Ásgarði að Íþróttahúsinu.

24-27 Júlí var haldin á Höfn **ráðstefna Nordisk Økonomisk kvægafl**. NØK er samnorraent félag í kynbótarækt á nautgripum. Á ráðstefnuna mættu 300 manns, þar af voru um 130 manns sem sátu ráðstefnuna en aðrir voru makar og börn eða tengdir ráðstefnugestum á annan hátt.

Ráðstefnan þótti takast mjög vel og þrátt fyrir að vera á háannatíma ferðamanna gátu flestir ráðstefnu gestir gist innan bæjarmarkana, einhverjir voru þó í Árnanesi og á Hótel Jökli í Nesjum. Búið var að skipuleggja afþreyingu fyrir þá sem voru ekki komnir til að taka þátt í fundahaldi á ráðstefnunni en auk þess var farin sameiginleg ferð með alla. Þetta voru flottar ferðir þar sem farið var upp á Skálafellsjökul og í siglingu á Jökulsárlóni svo eitthvað sé nefnt. Svo var haldinn hátíðarkvöldverður í Íþróttahúsinu.

Með gistingu, mat og afþreyingu sem NØK keyptu fyrir ráðstefnuna skildu samtökin eftir 26 milljónir króna í Sveitarfélaginu. Og þá á eftir að taka með í myndina afleiddar tekjur af því sem fólk keypti sjálft.

Þetta eru miklir fjármunir fyrir ekki nema 3 daga og mjög gott fyrir sveitarfélagið og þá aðila sem selja vörur og þjónustu í sveitarfélaginu. Best hefði verið að fá svona ráðstefnu á tíma sem telst jaðartími í ferðaþjónustu en í þessu tilviki virðist haf tekist nokkuð vel til þrátt fyrir miklar annir hjá gístistöðum og öðrum ferðaþjónustuaðilum. Enda var ráðstefnan þaulskipulögð og höfðu skipuleggjendur t.a.m. komið að skoða aðstæður ári áður, þannig að öll gisting og annað tengt ráðstefnunni var bókað með góðum fyrirvara.

Íformi öldungamót

Viðmælandi: Valdemar Einarsson

Íformi öldungamót var fyrst haldið 2008 og hefur vaxið á hverju ári síðan. Á fyrsta mótinu voru 110 keppendur í öllum greinum en 2010 voru 237 keppendur.

Mótið er haldið í byrjun september sem er jaðartími fyrir ferðamenn á svæðinu, tímasetningin er því mjög góð. Á mótinu eru allir þátttakendur eldri en 30 ára. Á Íformi er keppnisgreinarnar eftirtaldar:

Fótbolt, blak, frjálsar íþróttir, golf, badminton, bridge og brennibolti.

Keppendur á mótinu eru flestir heimamenn. Þó eru alltaf fleiri og fleiri aðkomumenn sem taka þátt í mótinu. Áætlað er að þeir hafi verið um 20% keppenda 2011.

Íformi er skemmtilegt mót sem er ekki enn búið að slíta barnaskónum. Ef haldið er rétt á spilunum getur mótið orðið að árvissum viðburði á Hornafirði þar sem bæði heimamenn og gestir koma til að keppa á skemmtilegu íþróttamóti sem endar svo á hátíðarkvöldverði og dansleik.

Unglingalandsmót UMFÍ

Viðmælandi: Valdemar Einarsson

Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Höfn verslunarmannahelgina 2007 er sjálfsagt einn stærsti viðburður sem haldinn hefur verið á Höfn. Á landsmótinu voru um 1.000 þátttakendur og áætlaði lögregla að yfir 6.000 manns væru á svæðinu. Viðburður sem þessi er „lottóvinningur“ að mati Valdemars og er að skila mun meira inn í „Hornfirska hagkerfið“ en t.d. Humarhátíð.

Þegar stór samkoma sem þessi er haldin á Höfn þá græða allir. Fólk þarf að gista einhverstaðar og var t.a.m. áætlað að það væri um 5.000 manna byggð á tjaldstæðinu á Höfn á landsmóti.

Landsmót er mjög mikil búbot fyrir verslanir og veitingastaði á Hornafirði. Landsmótið er haldið á þannig tíma að það er í raun mjög mikið að gera hjá þeim aðilum sem geta grætt hvað mest á móti sem þessu. Þrátt fyrir þetta er mótið það stórt batterí að ekki er hægt að sleppa því.

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið aftur á Höfn verslunarmannahelgina 2013. Þá verður gaman að sjá hvort takist ekki enn betur til en gerði á vel heppnuðu unglíngalandsmóti 2007.

Viðhorf Veitingamanna

Hótel Höfn

Viðmælendur: Óðinn Eymundsson
Elísabet Jóhannesdóttir

Hvaða áhrif hafa eftirfarandi viðburðir á reksturinn? Mundi það skipta einhverju máli ef að slíkar viðburðir væru ekki til staðar? (mætti t.d. vera % aukning m.v. venjulega helgi á sama tíma)

a) Humarhátíð

Ekki rúm fyrir mikið meira fólk í gistingu yfir sumartíman, auk þess sem Humarhátíð getur haft í för með sér „Óæskilega“ gesti. Það passar e.t.v. ekki saman að hafa almenna ferðamenn á hótelinu og svo einhverja sem eru að koma til að „djamma“ Tímasetningin skiptir því ekki gríðarlega miklu máli upp á gistingu

Það er einhver aukin sala í mat yfir Humarhátíð. Stóra hátíðin 2003 stendur þó uppúr hvað það varðar þá var mjög mikil sala í pizzum frá morgni til kvölds.

Hleinin er orðin að hefð og er stór þáttur af hátíðinni. Það getur verið erfitt að fá starfsfólk á þessum tíma þar sem það er mikið af ungu starfsfólki sem vill vera í frii á þessum tíma. Það er þó aðeins meira af fólki sem þarf þar sem Hleinin bætist inn í almennan rekstur. Oft er það eitthvað utanaðkomandi fólk sem er ráðið þar.

Þarf að gera meira út á matarviðburði og vill Óðinn nefna ákveðna hluti í því ljósi. Setja t.d. í gang Humar uppskriftarkeppni einhverjum vikum fyrir Humarhátíð sem væri kynnt vel í útvarpi og öðrum miðlum t.d. facebook. Sá sem mundi vinna gæti svo verið boðið á Humarhátíð með öllu tilheyrandi. Svo væri jafnvel hægt að bjóða gestum á hátíðinni uppá réttinn sem vann.

Það væri hægt að hafa líka keppni í því að t.d. slíta humar.

Eins gæti verið mjög flott að hafa humarkappát, það hljómar gríðarlega vel að auglýsa hlut eins og humarkappát þar sem um er að ræða kappát á flottum dýrum mat.

b) Blúshátíð

Hvað varðar gistingu er Blúshátíðin ekki að skila mjög miklu, flestir sem gista á Hótel Höfn yfir blúshátíð eru tónlistarmenn sem fá gistingu frítt. Eins er ekki mikil aukning í sölu á mat en barsala er töluverð.

Þessi hátíð er kannski mun meira fyrir heimamenn heldur en aðra. Það virðist vera erfiðara og erfiðara að fá tónlistarmenn til að koma og gefa vinnu sína. Það þarf því eitthvað að endurskoða þessa hátíð.

Undanfarin ár virðist vera komin samkeppni frá blúshátíð í Reykjavík og fólk bíður frekar eftir að hún verði heldur en að skella sér í langt ferðalag austur á Höfn.

Þarna þarf e.t.v. að gera betur. Það hefði þurft að fara sömu leið strax líkt og var gert á hátíðinni „aldrei fór ég suður“ á Ísafirði þar sem mikill biðlisti er eftir því að fá að spila. Það er mjög líklega vegna mikillar fjölmiðlaumfjöllunar strax í upphafi þegar erlendum tónlistarmönnum var boðið á hana. Þegar erlenda pressan er kominn inn í dæmið eru tónlistarmennirnir e.t.v. farnir að hafa eitthvað uppúr því að koma á hátíðina án þess að fá borgað. Þeir fá kynningu, verða jafnvel „uppgötvaðir“

c) Stórar ráðstefnur t.d. Landsfundur Kiwanis og landsþing Kvinnakóra.

Geta skipt gríðarlegu máli fyrir svæðið í heildina, Sveitarfélagið virðist hafa verið nokkuð duglegt við að auglýsa Höfn í þessu ljósi. EFTA ráðstefnan sem var 2006 var t.d. gríðarlega góð og mikill fengur fyrir Hótelid og Höfn sem heild. Það sama mætti segja um hluti eins og ráðstefnu kúabænda á Norðurlöndum auk þess sem landsþing Kiwanis sem haldið var í september 2011 kom sterkt inn enda á þannig tíma að lítið er af ferðamönnum. Það er mjög gott að fá inn stóra viðburði á þannig tíma.

d) Haustdagskrá Skemmtifélagsins (showið)

Náum að selja gistingu á um 50 % afslætti á þessum tíma. Virðast hafa verið að koma 500-600 manns á sýningarnar fyrir utan skólasýningar. Aðkomufólk hefur verið allt frá 30-50% gesta. Sýningarnar hafa ekki verið markaðsettar mikið þar sem Austfirðingum virðast almennt vera vel kunnugt um hvað Skemmtifélagið er að gera á þessum tíma og hafa þeir verið stór hluti aðkomugesta. Þessi viðburður er sjálfsagt hvað bestur fyrir hið svokallaða „Hornfirska hagkerfi“ þar sem það er nánast ekkert aðkeypt varðandi þennan viðburð og því nær eingöngu peningar sem skipta um hendur innan hagkerfisins auk þess sem það kemur töluvert af peningum inn. Söluágóða af miðum er skipt nánast jafnt á milli Hótelis Höfn og Skemmtifélagsins. Auk þess er mjög mikil barsala hjá okkur. Þessi viðburður kemur vel út fyrir Skemmtifélagið og það er sjálfsagt erfitt fyrir Skemmtifélagið að standa svo að atburði eins og blúshátíð sem gerir lítið annað en að éta upp gróðann frá haustdagskrá.

e) Eru einhverjir aðrir viðburðir í sveitarfélaginu sem hafa sérstaklega áhrif á rekstur fyrirtækisins?

Sveitarfélagið virðist almennt koma mjög vel að svona hlutum. Það virðist vera mikill vilji til að fá t.d. ráðstefnur á svæðið.

Eins koma þeir til móts við okkur þegar við erum að selja ferðamönnum „norðurljósapakann“ með því að opna Jöklasýninguna fyrir ferðamenn þrátt fyrir að það séu ekki nema 2 ferðamenn í einu. Á 2010 – 2011 seldum við þó á bilinu 200-300 gistinætur í Norðurljósapakkanum

Ef að Humarhátíð yrði færð á einhverja aðra helgi en fyrstu helgina í júlí, hvenær myndir þú vilja hafa hana?

Ég mundi vilja sjá hátíðina á miðsvæðinu við Íþróttahúsið og Sindravelli. Eins held ég að það sé ekki spurning um að hafa hátíðina á þeim tíma sem veðurgögn sína að mestu líkur séu á góðu veðri á Höfn.

Hverju mundi það breyta fyrir fyrirtækið þitt ef að Humarhátíð yrði færð á þá helgi sem þú stakkt uppá hér á undan. Hverju mundi breyta ef að Humarhátíð yrði þriðju eða fjórðu helgina í Júní?

Það skiptir litlu máli fyrir Hótel Höfn, á meðan hátíðin er yfir sumartíman er nóg af ferðamönnum í gistingu hjá okkur.

Kæmi til greina að þitt fyrirtæki kæmi beint að Humarhátíð með því að vera hluti af dagsskránni t.d. með því að ráða skemmtikrafta vera með sérstakan Humarhátíðarmatseðil o.s.frv.?

Það gæti verið erfitt að hafa einhvern viðburð á hótelinu sjálfu þar sem við hreinlega höfum ekki starfsfólk í það auk þess sem salirnir eru uppteknir.

Við höfum verið með sérstakan Humarhátíðarmatseðil sem er bæði gerður til að einfalda hlutina til að létta á starfsfólki auk Humarhátíðarandans.

Við höfum líka alltaf verið með Hleinina opna og því verið hluti af Humarhátíðinni nánast frá upphafi.

Kaffihornið

Viðmælandi: Ingólfur Einarsson

Hvaða áhrif hafa eftirfarandi viðburðir á reksturinn? Mundi það skipta einhverju máli ef að slíkar viðburðir væru ekki til staðar? (mætti t.d. vera % aukning m.v. venjulega helgi á sama tíma)

a) Humarhátíð

Humarhátíð skiptir að sjálfsögðu máli. Fyrir reksturinn sem slíkan er ekki svo mikil aukning í sölu á Humarhátíð en gæti þó verið u.þ.b. 10 %. Það er einfaldlega það mikið að gera hjá okkur á þessum tíma að sala á mat er ekki mikið meiri yfir hátíðina.

Ég hef líka stundum lent í því að það er ekki haft samband við mig þrátt fyrir að ég hafi viljað taka virkan þátt í dagskránni, það hefur jafnvel verið búið að prenta dagskrána og ég því ekki komist inn á hana sem slíka

Við viljum gjarnan taka þátt í henni. Ég vil gera það með því að koma niður á svæðið en ekki hafa sérstaka viðburði á Kaffihorninu. Ég ætla mér klárlega að selja eitthvað matarkyns á svæðinu á næstu hátíð þá eitthvað humartengt.

Það þarf að hafa fleiri humartengda viðburði á hátíðinni. Keppni í að slíta humarhala eða grilla humar ofan í liðið. Það þarf ekki að kosta neitt svakalega mikið ef nógu margir aðilar eru til í að koma að hlutunum. Kaffihornið er allveg til í að skoða það.

Ég man eftir hátíð þegar það var grillaður humar ofan í fólk, þá voru nokkrir kokkar mættir og starfsmaður frá Skinney-Þinganes. Þar sást handbragðið við að slíta humarinn svo sáu einhverjir um að kljúfa hann, krydda hann og grilla hann. Svo voru settir einir þrír halar á servíettu og fólk gefinn humar. Fæstir voru að hamstra humarinn en mjög margir fengu að smakka humar. Ég sé fyrir mér að það væri gott að hafa þetta t.d. á föstudagskvöldinu.

b) Blúshátíð

Blúshátíðin er fyrst og fremst fyrir heimamenn og ætti að vera það áfram, á henni fer fólk á öllum aldri út. Fólk sem fer öllu jafna ekki á tónleika.

Ég er allveg til í að skaffa húsnæði frítt og finnst fyrirkomulagið sem hefur verið við lýði undanfarin ár gott þ.e.a.s. að fá hornfiska listamenn bæði brottflutta og þá sem búa á svæðinu til að spila gegn því að fá fría gistingu og mat. Ég er allveg tilbúinn til að koma að því og elda ofan í eitthvað af þessum listamönnum.

Mér þætti líka altílagi að rukka eitthvað smáræði inn til þess að ná upp í einhvern kostnað fyrir hátíðina t.d. 1.000.- kall fyrir kvöldið og þá kæmust viðkomandi inn á

alla viðburði kvöldsins. Með þessu væri e.t.v. hægt að ná inn smá tekjum sem hægt væri að nota til að auglýsa hátíðina næsta ár.

c) Stórar ráðstefnur t.d. Landsfundur Kiwanis og landsþing Kvinnakóra.

Stórar ráðstefnur geta skilað töluverðum tekjum inn í sveitarfélagið. Það er mjög gott að fá ráðstefnur á þeim tíma sem mætti kalla jaðartíma fyrir ferðamenn. Landsfundur KIWANIS var t.a.m. mjög góður.

Mér finnst að Ríki Vatnajökuls mætti vera mun duglegara að markaðsetja svæðið fyrir hluti eins og ráðstefnur. Forstöðumaður Ríkis Vatnajökuls á að vera Markaðstjóri fyrir svæðið. Ég er á þeirri skoðun að viðkomandi eigi að vera starfsmaður Sveitarfélagsins og með því að hafa duglega manneskju í starfinu ætti að vera hægt að ná miklum árangri.

d) Haustdagskrá Skemmtifélagsins (showið)

Við verðum fyrst og fremst vör við aðkomufólkið sem kemur á showið. Það virðist hafa verið töluvert af því í gegnum árin og er mjög algengt að þetta fólk komi á Kaffihornið í mat á föstudeginum og jafnvel í smá bjórsötur.

Í haust gerðist það að sama dag og ca. 40. manna aðkomuhópur var á svæðinu að Kaffihornið var með einkasamkvæmi sem hefði allveg mátt hliðra til ef við hefðum vitað af þessu fyrirfram. Þannig að þegar þetta fólk mætti á Kaffihornið gátum við ekki hleypt þeim inn. Svona hlutir gætu líka verið slæmir afspurnar fyrir Hornafjörð „Ekki fara á Höfn, það er allt lokað þar“. Gott að reyna að koma í veg fyrir það.

e) Eru einhverjir aðrir viðburðir í sveitarfélaginu sem hafa sérstaklega áhrif á rekstur fyrirtækisins?

Það mætti gera meira með hluti eins og Íformi. Mér finnst að það eigi að halda uppskeruhátíð í kringum þá hátíð þá er svo margt að gerast kartöflur, slátrun hefst.

Þegar fyrsti humarbáturinn kemur þá á að safna saman kokkum á Höfn allir í kokkagallann niður á bryggju og taka myndir og búa til einhverja frétt úr þessu. Það þarf að gera mikið meira úr þessu. Það þarf að líta á þetta eins og með eitthvað gott franskt vín, fyrsta uppskeran þar þá er gert eitthvað úr því. Hugtakið humarbærinn Höfn er nokkuð sterkt en það má gera mun betur. Það á að vera viðburður þegar fyrsti humarinn kemur að landi á Höfn.

Eins finnast mér Norðurljósin algjörlega vannýtt auðlind á svæðinu. Þau eru markaðsett mun meira í Reykjavík og Norðurlandi en við höfum mikið meira að bjóða hér á þessu svæði

Ríki Vatnajökuls og sveitarfélagið þurfa markvisst að auglýsa og markaðsetja svæðið með einhverja af þessum þáttum að leiðarljósi.

Ég hef einnig heyrt af fjölmörgum hópum erlendra ferðamanna sem gista fleiri en eina nótt einhverstaðar á Suðurlandi og gera sér dagsferð t.d. á Jökulsárlón og snúa svo til baka. Hversvegna getur Hornafjörður ekki verið sá staður sem ferðamenn gista fleiri en eina nótt á? Það þarf eitthvað markaðsátak í þessum efnum.

Ef að Humarhátíð yrði færð á einhverja aðra helgi en fyrstu helgina í júlí, hvenær myndir þú vilja hafa hana?

Dagsetningin skiptir í sjálfu sér litlu máli. En það mætti hliðra henni eitthvað til. Hún þyrfti þá annaðhvort að vera í Júní eða mánaðarmótin ágúst – september til að það breyti einhverju fyrir Kaffihornið.

Hverju mundi það breyta fyrir fyrirtækið þitt ef að Humarhátíð yrði færð á þá helgi sem þú stakkt uppá hér á undan. Hverju mundi breyta ef að Humarhátíð yrði þriðju eða fjórðu helgina í Júní?

Það væri sjálfsgagt eitthvað betra.

Kæmi til greina að þitt fyrirtæki kæmi beint að Humarhátíð með því að vera hluti af dagsskránni t.d. með því að ráða skemmtikrafta vera með sérstakan Humarhátíðarmatseðil o.s.frv.?

Ég vil koma að hátíðinni með því að gera eitthvað niðrá svæði. Það er nægilega mikið að gera í veitingasölu á Kaffihorninu á þessum tíma og erfitt að hafa einhvern viðburð þar og þjóna matargestum.

Mér finnst vanta sölukofa á hátíðarsvæðið, gámarnir eru ekki að virka og finnst mér að Sveitarfélagið eigi að kaupa þannig kofa. Þessir kofar kæmu til með að geta nýst mun víðar en bara á Humarhátíð. T.d. væri hægt að búa til „þýska“ jólamarkaðsstemningu fyrir utan miðbæ í svona Kofum. Það væri hægt að nota þá mikið meira en bara á Humarhátíð.

Á Humarhátíð höfum við ekki verið með eiginlegan Humarhátíðarseðil en þó tekið þátt í hátíðinni með því að gefa afslátt af öllum humarréttum yfir hátíðina, það eru 5 humarréttir á seðlinum.

Víkin

Viðmælandi: Guðrún Ragna Valgeirsdóttir

Hvaða áhrif hafa eftirfarandi viðburðir á reksturinn? Mundi það skipta einhverju máli ef að slíkar viðburðir væru ekki til staðar? (mætti t.d. vera % aukning m.v. venjulega helgi á sama tíma)

a) Humarhátíð

Það er töluverð aukning á Humarhátíð. Ef við miðum við að það væri venjuleg helgi yfir sumartíman þar sem Víkin væri með dansleik þá koma sjálfsagt um helmingið fleiri á dansleikinn á föstudagskvöldinu á Humarhátíð. Fimmtudagarnir eru einnig nokkuð vel sóttir hjá okkur og töluverð barsala bæði kvöldin.

Laugardagarnir eru þó frekar rólegir og höfum við leyft dansleiknum í íþróttahúsinu að vera stærsti viðburðurinn það kvöldið, höfum ekki farið í beina samkeppni við hann. Það er miklu frekar þöbbastemning hjá okkur á laugardeginum.

Það er komið töluvert af erlendum ferðamönnum á þessum tíma en Humarhátíð hefur ekki haft nein áhrif á matargesti hjá okkur. Eina hátíðin sem við höfum séð einhverja aukningu í matargestum er á hátíðinni 2003 en þá var fullt meira og minna frá morgni til kvölds. Við höfum yfirleitt haft einhverja starfsmenn á „standby“ sem hægt er að kalla til ef þörf þykir. Hátíðin 2003 er sú eina sem við höfum þurft að grípa til þessa.

b) Blúshátíð

Blúshátíðin hefur verið mjög misjöfn. 2011 kom hún mjög vel út fyrir okkur, við borguðum þá sjálf fyrir hljómsveitina VAX og var töluvert af fólki sem mætti á ball með sveitinni.

Ég tel að það hafi sýnt sig að það á ekki að hafa frítt inn á viðburði hátíðarinnar. Það er í góðu lagi að láta fólk borga eitthvað smáræði inn á viðburðina, þá gæti Skemmtifélagið haft einhverjar tekjur af hátíðinni og fjármögnun hennar því ekki sama vandamál og hefur verið.

c) Stórar ráðstefnur t.d. Landsfundur Kiwanis og landsþing Kvennakóra.

Við sáum um matinn á Laugardagskvöldinu á Kiwanis ráðstefnunni, að öðru leyti höfum við ekkert orðið vör við ráðstefnur sem hafa verið haldnar á Höfn.

Það er mjög gott fyrir fyrirtækið að fá að sjá um matinn á ráðstefnu en það er þó ekkert í samanburði við það sem við höfum uppúr viðburðum á borð við Þorablót eða sjómannadaginn. Við mundum í sjálfu sér ekki nenna að standa í því að sjá um viðburði í íþróttahúsinu ef við hefðum ekki gott útúr því þar sem aðstæður í íþróttahúsinu eru mjög slæmar.

d) Haustdagskrá Skemmtifélagsins (showið)

Undanfarin ár höfum við haft lokað hjá okkur þegar sýningarnar á Hótelinu eru. Við höfum prófað að hafa opið á þessum tíma en það hefur ekki skilað okkur neinu. Í fyrri notuðum við þennan tíma til þess að fara í miklar breytingar.

e) Eru einhverjir aðrir viðburðir í sveitarfélaginu sem hafa sérstaklega áhrif á rekstur fyrirtækisins?

Í sjálfu sér ekki, Sveitarfélagið kaupir af okkur skólamat sem er sjálfsagt það eina sem hefur áhrif á veltu fyrirtækisins en það eru um 300 skammtar á dag, það telst reyndar kannski ekki sem viðburður. Aðrir viðburðir eru í raun viðburðir sem við sjáum algjörlega um sjálf dansleikir, jólahlaðborð o.s.frv.

Ef að Humarhátíð yrði færð á einhverja aðra helgi en fyrstu helgina í júlí, hvenær mundir þú vilja hafa hana?

Væri til í að sjá hana í júní. Það væri gott að skoða vel tíma þar sem Humarhátíð keppir við sem fæsta viðburði annarstaðar á landinu. Það er aldrei hægt að finna tíma þar sem ekkert annað er að gerast en æskilegt að vera ekki að keppa við eitthvað of stórt. Ef við ætlum að fara í það að fara að keppa við einhverja aðra hátíð þá verðum við í það minnsta að hafa hátíðina okkar samkeppnishæfa til að trekkja að fólk.

Hverju mundi það breyta fyrir fyrirtækið þitt ef að Humarhátíð yrði færð á þá helgi sem þú stakkest uppá hér á undan. Hverju mundi breyta ef að Humarhátíð yrði þriðju eða fjórðu helgina í Júní?

Ég tel í sjálfu sér ekki að það mundi breyta miklu þar sem Humarhátíð hefur ekki haft nein áhrif á annan rekstur hjá okkur. Ef að önnur dagsetning hefur í för með sér að fleiri gestir sæki hátíðina hefur það að sjálfsögðu jákvæð áhrif fyrir okkur.

Kæmi til greina að þitt fyrirtæki kæmi beint að Humarhátíð með því að vera hluti af dagsskránni t.d. með því að ráða skemmtikrafta vera með sérstakan Humarhátíðarmatseðil o.s.frv.?

Við höfum gert það með því að hafa trúbador eða eitthvað slíkt á fimmtudeginum og svo dansleik á Föstudeginum.

Það hefur ekki verið sérstakur Humarhátíðarmatseðill en það eru þó 4 humarréttir á matseðlinum hjá okkur allt sumarið. Ég mundi vilja sjá að allir veitingaaðilar á Höfn tækju sig saman um að gefa humar eða humarsúpu, það yrði þá gert á þann hátt að auglýst yrði í dagskránni að það yrði gefins humarsúpa eða eitthvað annað humarkyns á einhverjum

ákveðnum tíma samtímis á öllum veitingstöðum bæjarins. Fólk gæti rölt á milli og smakkað á þessu. Ég væri gjarnan til í að taka þátt í þessu en einungis ef allir taka þátt.

Það mætti líka gera þetta á annan hátt með því að það yrði sótt um einhvern styrk eða einhverja undantekningu frá humarkvóta. Með þessu gæti Skinney Þinganes gefið einhvern humar til hátíðarinnar sem væri hægt að matreiða fyrir gesti hátíðarinnar á hátíðarsvæðinu, ég skil vel að Skinney Þinganes vilji ekki nota kvóta sem er af skornum skammti í svona lagað.

Humarhöfnin

Viðmælendur: Ari Þorsteinsson
María Gísladóttir

Hvaða áhrif hafa eftirfarandi viðburðir á reksturinn? Mundi það skipta einhverju máli ef að slíkar viðburðir væru ekki til staðar? (mætti t.d. vera % aukning m.v. venjulega helgi á sama tíma)

a) Humarhátíð

Við höfum ekki orðið vör við aukningu hjá okkur á Humarhátíð. 90 % af okkar viðskiptavinum eru erlendir ferðamenn og þeir virðast ekki vera til staðar í auknu mæli á Humarhátíð. Íslendingarnir sem mæta á Humarhátíð koma lítið til okkar. Humarhöfnin er dýr veitingastaður og íslendingar oft á tíðum ekki tilbúnir að borga jafn mikið fyrir mat og útlendingar. Það er okkar tilfinning að gestir á Humarhátíð séu miklu frekar í skyndibita heldur en að koma til okkar.

Eins og áður segir höfum við ekki séð aukningu á Humarhátíð, það er í rauninni færri fólk sem kemur til okkar. Ef við miðum við föstudag og laugardag helgina á eftir og helgina á undan Humarhátíð eru fleiri gestir en á þessum sömu dögum á Humarhátíð

b) Blúshátíð

Það er lokað á Humarhöfninni yfir vetrartíman. Blúshátíð er þó mjög jákvæð og hefur gefið okkur tækifæri á að vera með einhverja viðburði á tíma sem við erum venjulega ekki með opið. Við höfum tekið þátt í henni nokkrum sinnum með því að vera með sérstaka viðburði á Humarhöfninni. Við tókum ekki þátt í hátíðinni 2011 en vorum með annan viðburð stuttu eftir hátíðina sem var Humarblót þar sem Mugison kom fram. Það heppnaðist mjög vel. Mugison hefur áður spilað hjá okkur bæði í sambandi við Blúshátíðina og svo viðburði sem við höfum verið með allveg sér.

c) Stórar ráðstefnur t.d. Landsfundur Kiwanis og landsþing Kvennakóra.

Það hafa komið einhverjir gestir til okkar í sambandi við ráðstefnur. T.d. fengum við stóran hóp sem var kominn til að fara á Kiwanis fundinn. Við höfum fengið einhverja matargesti til okkar í sambandi við fundi haldna í Sveitarfélaginu t.d. þegar sjálfstæðisflokkurinn hélt landshluta fund á Höfn og eitthvað fleira tilfallandi í þeim dúr. Utan venjulegs opnunartíma hjá okkur (maí – sep) höfum við yfirleitt orðið við því að opna fyrir fleiri en 10 manns ef það er beðið sérstaklega um það með ágætis fyrirvara.

d) Haustdagskrá Skemmtifélagsins (showið)

Það er lokað hjá okkur á þeim tíma sem showið er. Við höfum ekki fengið matargesti til okkar í sambandi við showið. Það var þó einu sinni hringt og spurt en það varð ekkert úr því.

e) Eru einhverjir aðrir viðburðir í sveitarfélaginu sem hafa sérstaklega áhrif á rekstur fyrirtækisins?

Við fengum mikið af fólki til okkar í kringum unglingslandsmót UMFÍ. Það var þó ekki mikið um það að fjölskyldufólk væri að koma til okkar heldur voru þetta miklu frekar þeir sem héldu utan um mótið; skipuleggjendur dómarar o.s.frv.

Við höfum í hyggju að markaðsetja Humarhöfnina meira yfir vetrartíman með Gastrónómískum ferðalögum sem við höfum verið að undirbúa síðastliðin ár. Það felst í því að veita ferðamönnum upplifun í mat, drykk og náttúru svæðisins á jaðartíma.

Ef að Humarhátíð yrði færð á einhverja aðra helgi en fyrstu helgina í júlí, hvenær myndir þú vilja hafa hana?

Það fer að miklu leiti eftir markhópnum ef markhópurinn er bara brottfluttur heimamenn verður hátíðin að vera á tíma þar sem þeir hafa kost á því að vera í frí frá vinnu.

Fyrir mér (Ara) gæti verið hægt að hafa tvær hátíðir eina að vori fyrir þá sem elska humarbragð og aðra yfir mitt sumarið fyrir brottflutta Hornfirðinga.

